

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/12/32

frá 15. mars 2013

um breytingu á ákvörðunum 2007/506/EB og 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2013) 1411)

(2013/135/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárfvottalög og hárnæringu ⁽²⁾ fellur úr gildi 31. mars 2013.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælar eða gasisogsvarmadælar ⁽³⁾ fellur úr gildi 31. mars 2013.
- 3) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannpröfun sem komið var á með þessum ákvörðunum. Vegna þess að þessar ákvarðanir eru á mismunandi stigum endurskoðunarferlisins er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannpröfun sem settar eru fram í þeim. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannpröfun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2007/506/EB og 2007/742/EB, til 31. desember 2013.
- 4) Því ber að breyta ákvörðunum 2007/506/EB og 2007/742/EB til samræmis við það.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/506/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sápa, hárfvottalögur og hárnæring“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2013“.

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/742/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælar eða gasisogsvarmadælar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun gilda til 31. desember 2013.“

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 75, 19.3.2013, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14.